

## Tillaga borgarfulltrúa Flokks fólksins um að stafrænt ráð verði lagt niður

Borgarfulltrúi Flokks fólksins leggur til að borgarstjórn samþykki að stafrænt ráð verði lagt niður og þau verkefni ráðsins sem hafa ekki beint með stafræn mál að gera, verði flutt í viðeigandi ráð og nefndir. Meðferð og ábyrgð allra stafrænna mála stafræns ráðs verði færð undir þjónustu- og nýsköpunarsvið sem alfarið á að sjá um stafræna umbreytingu Reykjavíkurborgar. Það er alveg ljóst að stafrænt ráð, skipað pólitískum fulltrúum, getur engan veginn uppfyllt allar þær ólíku kröfur sem gerðar eru til málaflokksins samanber samþykkt um verkswið og óvenju margþættan verkefnalista ráðsins við stofnun þess á sínum tíma. Stafræn vegferð Reykjavíkurborgar á að vera á ábyrgð sviðsstjóra þjónustu- og nýsköpunarsviðs. Sviðsstjórnin ásamt öðrum stjórnendum þjónustu- og nýsköpunarsviðs, eiga að vera búnir að fá alla þá sérfræðiaðstoð og þekkingu sem til þarf í þetta verkefni þegar litið er til þess hversu miklum fjármunum sviðið er búið að eyða í kaup á erlendri ráðgjöf í heilan áratug.

### Greinargerð

Ástæðan fyrir því að borgarfulltrúi Flokks fólksins leggur til að stafrænt ráð sé lagt niður er að ráðið þjónar í raun engum sérstökum tilgangi enda þótt skilgreining þess sé sannarlega metnaðarfull. Auk þess að ráðinu er ætlað að móta stefnu í gagnsæis-, lýðræðis-, stafrænum og þjónustumálum, ásamt innri og samfélagslegri nýsköpun á ráðið að bera ábyrgð á eftirliti með rekstri þjónustu- og nýsköpunarsviðs. Rekstrarhluti sviðsins hlýtur að vera eitthvað sem sérhæfðir eftirlitsaðilar innan borgarinnar ættu frekar að sinna.

Þrátt fyrir háfleygar lýsingar á hlutverki stafræns ráðs, sá formaður ráðsins þann kost vænstan að setja á laggirnar sérstakan þverpólitískan rýnihóp sem á að koma með tillögur um stafræna stefnu Reykjavíkurborgar, verkefni sem kannski hefði einmitt átt að vera hlutverk stafræna ráðsins sjálfs.

Fyrstu kröfur á þá aðila sem flokkar skipuðu voru að „fulltrúar rýnihópsins hefðu yfirburða þekkingu á þáttum sem að snúa að stafrænni umbreytingu s.s. t.d. opnum gögnum, gervigreind, gagnastrúktúr, netöryggi, skýjaþjónustu, vefmálum, rafrænni skjalavörslu, persónuverndarmálum, upplýsingatækni, hugbúnaðargerð, API millilagi, gagnaveri, síðferði, þjónustuumbreytingu, breytingastjórnun, ferlamálum, árangursmælingum/KPIs, stefnumótun, notendamiðaðri hönnun, IoT (Internet of Things), lausnamiðuðum innkaupum, upplýsingaöryggi, tæknilæsi, stafrænum réttindum, gagnaöryggi o.s.frv.“

Þessi upptalning segir í raun allt sem segja þarf um eðli tilveru stafræna ráðsins. Ef þetta eru þær kröfur sem ráðið krefst af fulltrúum flokkanna í rýnihópi til þess að hægt sé að setja niður á blað stafræna stefnu Reykjavíkurborgar, er spurning hvaða kröfur stafrænt ráð gerir til sjálfs sín í öllum þeim ólíku verkefnum sem því hefur verið falið sinna. Einnig má spyrja hvert hlutverk sviðsstjóra þjónustu- og nýsköpunarsviðs sé orðið þegar stafrænt ráð á að bera ábyrgð á öllu því sem sviðið er að gera ásamt því að sinna eftirliti með rekstri þess.

Stafrænt ráð er með öllu óþarft. Komið var aftan að borgarfulltrúum með stofnun þess. Borgarfulltrúar Flokks fólksins fengu ekki upplýsingar um stofnun stafræna ráðsins fyrr en eftir að búið var að skipa í önnur ráð og nefndir. Þeir sem hafa fylgst með borgarmálunum vita að Flokkur fólksins hefur harðlega gagnrýnt fjáraustur á annan tug milljarða í stafræna vegferð án þess að sjá lausnir/afurðir verða til í hlutfalli við það fjármagn sem streymt hefur til sviðsins. Sónun og bruðl þjónustu- og nýsköpunarsviðs var með eindæmum á síðasta kjörtímabili og var

tugum milljóna eytt í botnlausar tilraunir og uppgötvanir á jafnvel þekktum lausnum sem margar hverjar hafa verið lengi í notkun annars staðar.

Það ber að nefna að sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs situr í ráðinu með bæði málfrelsi og tillögurétt hvað varðar öll málefni ráðsins, þar með talið þá málaflokka sem ekki falla beint undir hans svið. Mannréttindastjóri og fulltrúi atvinnuþróunardeildar sitja fundi ráðsins einnig með málfrelsi og tillögurétt en eingöngu undir þeim liðum sem varðar verksvið þeirra.

Þarna virðist að verið sé að víkka út valdheimildir eins embættismanns umfram aðra. Einnig er það einkennilegt að sviðsstjóri þess sviðs sem ráðið á að hafa eftirlit með sitji sjálfur í því.